



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjanesbær  
Sveinn Númi Vilhjálmsson,  
skipulagsfulltrúi  
Tjarnargötu 12  
230 Keflavík

Reykjavík, 9. júní 2008  
Tilvísun: UST20080500016/sf

### **Deiliskipulag Narfakotstúns í Innri-Njarðvík, Reykjanesbæ**

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar, dags. 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag Narfakotstúns í Innri-Njarðvík.


Deiliskipulagssvæðið er 8,13 ha og afmarkast af sjó að vestan og norðan, lóðum við Lágseylu að sunnan og Akurbraut að austan. Þar er gert ráð fyrir 38 einbýlishúsaloðum, en þar af eru 4 þegar byggðar. Samkvæmt greinargerð með skipulaginu er markmið þess að mynda heildstætt lágreist einbýlishúsahverfi í nálægð við sjó og með sjávarsýn. Einnig að þetta og styrkja byggð í Innri-Njarðvíkurhverfi og fella þau hús sem fyrir eru að hinu nýja skipulagi. Fyrirhuguð byggð verður á gömlu túni að hluta og grónum móa að hluta. Meðfram skipulagssvæðinu að stærstum hluta er malarkambur sem hefur verið styrktur til sjóvarna, en innan hans er göngustígur. Fjaran og svæðið meðfram henni verður áfram grænt svæði ætlað til útivistar.

Samkvæmt deiliskipulaginu virðist fyrirhuguð byggð vera nær ströndinni en sú byggð sem afmörkuð er á staðfestu aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Eins og stofnunin hefur áður bent á í umsögnum um skipulagstillögur leggur stofnunin almennt áherslu á að afmarkað sé opið svæði meðfram strönd til að tryggja aðgengi almennings, enda hafa strandsvæði mikið útivistargildi. Stofnunin hefur hvatt til þess að meðfram sjó sé gert ráð fyrir allt að 100 m breiðu beltum þar sem ekki er gert ráð fyrir annarri mannvirkjagerð en þeirri sem tengist útivist. Má í því sambandi m.a. benda á að heilleg strönd er náttúruverðmæti, sem nýst getur til útivistar og náttúrufræðslu, og því æskilegt að halda ströndinni eins óraskaðri og hægt er. Þar sem strandlengju hefur þegar verið raskað er einnig æskilegt að allar frekari framkvæmdir miði að því að gera viðkomandi svæði aðlaðandi til útivistar. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að svæðið meðfram ströndinni í Innri-Njarðvík tengist vel Njarðvíkurfitjum og útivistarsvæði þar. Því telur Umhverfisstofnun að ekki eigi að byggja nær ströndinni en aðalskipulagið gerir ráð fyrir.

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni eru bæði reið- og göngustígur meðfram núverandi sjóvarnargarði. Í greinargerð með skipulaginu kemur fram að göngustígur liggi innan

sjóvarnargarðsins en þar er ekki minnst á reiðstíg. Báðir stígarnir eru sýndir með mjórri línu á uppdrætti, en ekki með raunverulegri breidd ef miðað er við breidd akbrauta á uppdrætti. Því er óljóst hvernig stígarnir verða útfærðir, þ.e. hvert umfang þeirra og afstaða verður. Samkvæmt skipulaginu virðist þó sem um aðskilda stíga sé að ræða og að reiðstígurinn liggja nær ströndinni. Eins og að framan greinir telur Umhverfisstofnun mikilvægt að stuðlað verði að góðu aðgengi almennings meðfram ströndinni og er stígagerð hluti þess. Það er hins vegar álit stofnunarinnar að þar sem ætlunin er að hafa bæði reiðstíg og göngustíg meðfram ströndinni væri eðlilegt að leggja göngustíginn nær ströndinni en reiðstíginn fjær. Þannig væri gangandi fólki tryggður aðgangur að fjörunni og um leið væri komið í veg fyrir að gangandi fólk færi út á reiðstíginn, þeim, hestunum og hestamönnum til óþæginda. Ef göngustígur og reiðstígur liggja samhliða verður að gæta þess að fjarlægð milli stíganna verði hæfilega mikil þannig að umferð á öðrum stígnum trufla ekki umferð á hinum stígnum. Umhverfisstofnun telur þó almennt ekki æskilegt að göngu- og reiðstígar liggja nálægt hver öðrum þar sem umferð um stígana fer yfirleitt illa saman. Hafa verður í huga að hestar geta fælst við snöggar hreyfingar og hávaða og því mikilvægt fyrir öryggi allra viðkomandi að lega stíganna sé vel ígrunduð. Umhverfisstofnun hvetur til þess að haft verði samráð við fulltrúa viðkomandi hestamannafélaga, sem og aðra íbúa svæðisins við skipulagningu á stígum við byggðina.

Virðingarfyllst

  
Sigurrós Friðriksdóttir  
Fagstjóri



Hjalti J. Guðmundsson  
sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.